

- 68 13. Sljettuhreppur að Geirhólma.
14. Sljettuhreppur yfir Strandir milli Geirhólma og Hælavíkur-ófæru.

VI. Strandasýsla:

1. Bæjarhreppur og Broddaneshreppur allt að Bitruhálsi.
2. Broddaneshreppur frá Bitruhálsi, Kirkjubólshreppur og Hrófbergshreppur.
3. Kaldrananeshreppur.
4. Árneshreppur.
5. Óshreppur og Fellshreppur.

Íslands Vesturamt. Reykjavík 9. maí 1896.

J. Havsteen.

69 **Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu**

Gjörir kunnugt: Samkvæmt heimild í lögum nr. 18, 22. maí 1890, 6. gr., hefur sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sett svo hljóðandi:

R e g l u r

um hreinsun hunda í sýslunni.

1. gr.

Sýslunefndin kýs 1—3 menn í hreppi hverjum, er annast skulu um hreinsun allra hunda í hreppnum. Skulu þeir vera eiðfestir og bera ábyrgð á, að engan hund reki undan.

Ber þeim að koma á hvert heimili, að vorinu til dagana 20.—30. maí, og að haustinu til dagana 1.—10. nóvember, og skulu þeir hafa boðað komu sína áður með nægum fyrirvara, en hundaeigendur soltið hunda sína eins og segir í 5. gr.

2. gr.

Hafa skulu hreinsunarmenn meðferðis framtalsskrá hreppstjóra á öllum hundum í hreppnum; svo skulu þeir og rita hjá sjer hvern þann hund, er þeir hreinsuðu. Verði vart hunds, er eigi var getið á skrá hreppstjóra, skal hreppstjóra sagt til, en hann skýri aptur sýslumanni frá. Þegar að lokinni hreinsun í öllum hreppnum, skal oddvita send glögg skýrsla um árangur hreinsunarinnar, en oddviti sendi aptur oddvita sýslunefndarinnar fyrir janúarlok ár hvert.

3. gr.

Alla hunda skal einkenna annaðhvort með fjármarki eiganda eða leðurbandi um háls, er á sje letrað nafn eiganda og heimili, og skulu hreinsunarmenn gæta þess vandlega, að eigi beri út af. Ómerktir hundar skulu þegar drepnir.

4. gr.

Greiða skal hreinsunarmönnum 50 a. á ári fyrir hund hvern, hafi lyfið hrifið. Skal gjald þetta greiðast úr sýslusjóði og þegar hreinsuninni er lokið.

5. gr.

Undirbúningur hunda undir hreinsunina og hreinsunin sjálf skal fara fram þannig:

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

73
1. júní

Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 69

Gjörir kunnugt: Samkvæmt heimild í lögum nr. 18, 22. maí 1890, 6. gr., hefur sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sett svo hljóðandi:

Reglur

um hreinsun hunda í sýslunni.

(Niðurl.).

Í sólarhring á að loka hundinn inni, og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan, síðan skal gefa hundinum inn 8 gröm af arekaduþti, hrærðu saman við eitthvað, sem hundurinn jetur t. d. mjólk, en duptið getur hver hund-eigandi fengið ókeypis hjá hlutaðeigandi hreppsnefnd. Vanalega fær hundurinn klýju á eptir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir, að hann selji upp fyrsta hálfu klukkutímann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það eigi dugar, þá að gjöra hann sneypant o. s. frv.

Eptir $\frac{1}{2}$ —3 klukkutíma gengur ormurinn niður af hundinum. Meðan meðalið er að verka, ætti hundurinn að vera í einhverju útihúsi. Það, sem gengur niður af hundinum, á að grafa niður, að minnsta kosti 2 fet og hylja vandlega yfir.

6. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 1—10 kr., er renni að helmingi til uppljóstrarmanns, en að helmingi í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

7. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 20. maí 1896, og birtast hjer með hlutað-eigendum til eptirbreytni.

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Stykkishólmi 4. apríl 1896.

Undir mín hönd og embættisinnsgli.

Lárus Bjarnason.

Reikningur

74

yfir tekjur og gjöld Thorkillii-barnaskólasjóðs 1895.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar við árslok 1894:

a. Innritunarskirteini Lit. A. Fol. 87	28500	00
b. Skuldabryjef	39120	39
c. Ógoldnir vextir frá árinu 1894	88	00
d. Í landsbankanum	538	83
e. Í peningum	14	87
		<hr/>
		68262 09
	Flyt	68262 09